

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 3. júlí kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 780. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ólafur Melsted, Haukur Hafliði Nínuson, Hulda Einarsdóttir, Björn Ingi Edvardsson, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason og Sólveig Sigurðardóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- 1. Álagrandi 4, (fsp) bílskúr** (01.521.6) Mál nr. SN200378
Skjalnr. 5677
Carlos Nicolas A. Barreiro, Álagrandi 4, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Carlos Nicolas A. Barreiro dags. 4. júní 2020 um byggingu bílskúrs á lóð nr. 4 við Álagrandi merktur 0101 á uppdr. Teiknistofunnar H.R. ehf. dags. 24. maí 2008. Þrír bílskúrar hafa þegar verið byggðir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.
- 2. Barónsstígur 21, (fsp) hækkun á þaki hússins** (01.174.3) Mál nr. SN200215
Skjalnr. 14265
Guðmundur Birgir Ólafsson, Starmýri 8, 108 Reykjavík
701209-2220 Ark-teikn slf., Álfamýri 49, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lögð fram fyrirspurn Ark-teikn slf. dags. 8. apríl 2020 um hækkun á þaki hússins á lóð nr. 21 við Barónsstíg, samkvæmt uppdr. Ark-teikn slf. dags. 6. apríl 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.
- 3. Bankastræti 3, (fsp) uppbygging** (01.170.0) Mál nr. SN200392
Skjalnr. 10612
500591-2189 Argos ehf, Eyjarlóð 9, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Stefáns Arnar Stefánssonar dags. 19. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 18. júní 2020 um uppbyggingu á lóð nr. 3 við Bankastræti, samkvæmt uppdr. Argos ehf. dags. 16. júní 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Brúnavegur 4, (fsp) stækkun bílskúrs og breyting á notkun** (01.380.1) Mál nr. SN200388
Skjalnr. 8270
Arna Sigríður Mathiesen, Noregur, Helga Tatjana Zharov, Brúnavegur 4, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Örnú Sigríðar Mathiesen dags. 15. júní 2020 ásamt greinargerð dags. í júní 2020 um stækkun og hækkun bílskúrs á lóð nr. 4 við Brúnaveg ásamt breytingu á notkun skúrsins í vinnustofu, samkvæmt uppdr. April arkitekta dags. í júní 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2020 samþykkt.

5. **Vesturgata 67, breyting á deiliskipulagi** (01.133.1) Mál nr. SN200102
Skjalnr. 14053
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Félagsbústaða dags. 23. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi milli Seljavegar og Ánanausta vegna lóðarinnar nr. 67 við Vesturgötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit um 20 cm. til suðurs að garði, heimilt verði að byggja 4 hæðir í stað 2,5 hæðir, svalir megi ná 1,7 metra út fyrir byggingarreit að garði, götuhlið hússins skal taka tillit til aðliggjandi húsa eins og kostur er, lyftuhús má ná 0,8 metra upp fyrir hámarkskvóta veggghæðar, lóð er stækkuð að framanverðu og þar heimilt að setja bílastæði fyrir hreyfihamlaða, sorpgerði og gróður, byggingarmagn eykst og fjöldi íbúða verður 6 ásamt sameiginlegum rýmum á jarðhæð, samkvæmt uppdr. Plúsarkitekta ehf. dags. 3. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 20. maí 2020 til og með 1. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Halldóra Haraldsdóttir dags. 30. júní 2020, Stefanía Helga Skúladóttir dags. 30. júní 2020 og 8 eigendur íbúða að Vesturgötu 65A og 65 dags. 30. júní 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

6. **Fannafold 170, breyting á deiliskipulagi** (02.852.6) Mál nr. SN200420
Skjalnr. 14227
Tryggvi Jónasson, Fannafold 170A, 112 Reykjavík
Kristinn Ragnarsson, arkit ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
Lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 25. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi norðan Grafarvogs vegna lóðarinnar nr. 170 við Fannafold. Í breytingunni felst að viðbygging 3x5 m. fer út fyrir byggingarreit á vesturhluta lóðar. Byggingarmagn eykst um 15m² og verður því samanlagt um 330 m², samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar arkitekts ehf. dags. 23. júní 2020.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

7. **Gjúkabryggja og Beimabryggja, framkvæmdaleyfi** (04.22) Mál nr. SN200419
Skjalnr. 14293
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 25. júní 2020 um framkvæmdaleyfi vegna gatnagerða og lagna í 1. áfanga uppbyggingar í stækkun Bryggjuhverfis (Gjúkabryggja og Beimabryggja). Einnig er lagt fram teikningasett Verkís hf. dags. í júní 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

8. **Sogavegur 3, Stöðuleyfi - frystigámur** (18.10-.98) Mál nr. BN057814
Skjalnr. 9759
660407-2350 Fiskikóngurinn ehf., Stórákri 6, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um stöðuleyfi í fyrir frystigám með kælipressu, við norðaustur enda húss á lóð nr. 3 við Sogaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.
9. **Álfsnesvík, framkvæmdaleyfi** (36.2) Mál nr. SN200434
Skjalnr. 10252
460169-7399 Björgun ehf., Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík
Lögð fram umsókn Björgunar dags. 1. júlí 2020 ásamt greinargerð og uppdráttum dags. 29. júní 2020 um framkvæmdaleyfi vegna gerð nýrrar lóðar fyrir starfsemi Björgunar ehf. að Álfsnesvík. Einnig er lögð fram matsskýrsla Alta dags. 19. desember 2019 um mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar dags. 6. mars 2020 um mat á umhverfisáhrifum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
10. **Frakkastígur - Skúlagata, breyting á** (01.15) Mál nr. SN200208
Skjalnr. 9173
deiliskipulagi
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi fyrir Frakkastíg - Skúlagötu, varðandi fyrirhugaða nýbyggingu við Frakkastíg 1. Um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi og með þessari breytingu fellur því úr gildi eldra skipulag sem var samþykkt í borgarráði Reykjavíkur þann 7. júní 2018, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 2. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 20. mars 2020 til og með 1. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Benóný Ægisson f.h. Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur dags. 30. júní 2020 og Björgvin Þórðarson hrl. hjá Atlas lögmönnum ehf. f.h. húsfélagsins að Skúlagötu 20, dags. 30. júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 1. júní 2020 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 2. júlí 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Heklureitir - Laugavegur 168 og 170-174,** (01.242) Mál nr. SN190730
Skjalnr. 13840
nýtt deiliskipulag
600169-5139 Hekla hf., Pósthólf 5310, 125 Reykjavík
560997-3109 Yrki arkitekta ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. desember 2019 var lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 9. desember 2019 um nýtt deiliskipulag fyrir Lóðirnar að Laugavegi 168 og 170-174, Heklureitir. Í tillögunni felst að lóðinni Laugavegur 170-174 verði skipt í tvennt og vestari hluti hennar verði lóðirnar Laugavegur 170 og 172. Lóðirnar nr. 168 og 172 verði nýttar undir allt að 250 íbúðir. Valkvæð heimild er um að lóðin nr. 168 verði nýtt undir gististarfsemi. Eystri hluti lóðarinnar Laugavegur 170-174 verður Laugavegur 174. Heimilt verður að auka byggingarmagn á lóðinni, byggja þrjár hæðir ofan á núverandi byggingar og byggja við 3. hæð norðurhliðar núverandi álmu við Laugaveg. Nýju hæðirnar og viðbyggingin eru undir atvinnustarfsemi. Valkvæð heimild er um að nýja byggingarmagnið verði nýtt undir allt að 90 íbúðir. Gert er ráð fyrir sex hæða bílgeymsluhúsi og núverandi byggingar verða nýttar undir atvinnustarfsemi. Á öllum lóðum er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á jarðhæð, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 10. janúar 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

12. **Suður Mjódd, breyting á deiliskipulagi** (04.91) Mál nr. SN200204
lóðar nr. 12 við Skógarsel Skjalnr. 8101
 Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 12 við Skógarsel, íþróttasvæði ÍR. Í breytingunni felst að byggingarreitur íþróttahúss stækkar til suðvesturs um 16 metra, byggingareitur norðaustan minnkar um 18 metra auk þess stækkar byggingarreitur til suðausturs að bílastæðum um 7. metra, aðkoma frá Skógarseli norðaustan byggingarreits innan lóðar tengist bæði íþróttahúsi og knatthúsi með þjónustuaðkomu og afmörkun bílastæða til suðvesturs minnkar, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 1. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 20. maí 2020 til og með 1. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Gísli Jafetsson dags. 25. júní 2020. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 1. júlí 2020.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Bakkastaðir 41, breyting á deiliskipulagi** (02.421) Mál nr. SN200260
 Anna Dagrún Pálmarsdóttir, Bakkastaðir 41, 112 Reykjavík Skjalnr. 14232
 500191-1049 Arkþing - Nordic ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 29. apríl 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Staðahverfis vegna lóðarinnar nr. 41 við Bakkastaði. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit til vesturs fyrir viðbyggingu, samkvæmt uppdr. Arkþings - Nordic ehf. dags. 7. apríl 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 2. júní 2020 til og með 30. júní 2020. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
14. **Frostaskjól 39-45, 45 - Viðbygging** (01.515.107) Mál nr. BN057492
 Guðrún Marta Jóhannsdóttir, Frostaskjól 45, 107 Reykjavík Skjalnr. 14264
 Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. maí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa, einnar hæðar viðbyggingu við vesturhlíð raðhúss nr. 45 (mhl. 04) á lóð nr. 39-45 við Frostaskjól, samkvæmt uppdr. Urban arkitekta ehf. dags. 30. mars 2020 síðast br. 29. apríl 2020. Erindi var grenndarkynnt frá 29. maí 2020 til og með 26. júní 2020. Engar athugasemdir bárust.
 Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 30. mars 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. apríl 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. apríl 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 27. apríl 2020. Stækkun vegna viðbyggingar er: 18,1 ferm., 48,9 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
15. **Goðaland 4, Goðaland 2-20 1-21, (fsp)** (01.853) Mál nr. SN200394
bílastæði Skjalnr. 9890
 Þórunn Óskarsdóttir, Goðaland 4, 108 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Þórunnar Óskarsdóttur dags. 21. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 20. júní 2020 um að gera bílastæði fyrir framan lóðina nr. 4 við Goðaland, Goðaland 2-20 1-21, annað hvort með því að mjökka grasflöt fyrir framan garðinn þannig að hægt sé að leggja bílnum langsum eða á skrá eða að útbúa innkeyrslu inn á lóðina. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
16. **Langagerði 82, Svalir - 2.hæð** (18.322.12) Mál nr. BN057788

Þórður Daníel Bergmann, Langagerði 82, 108 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN043152, sem felst í því að svalir eru settar á suðurhlíð og innra skipulagi breytt á annarri hæð í einbýlishúsinu á lóð nr. 82 við Langagerði. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

Gjöld kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.

17. **Neðstaber 7, (fsp) stækkun húss** (04.675.2) Mál nr. SN200413
Skjalnr. 14295
Hildur Bjarnadóttir, Hofteigur 20, 105 Reykjavík
Greta Engilberts, Neðstaber 7, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hildar Bjarnadóttur dags. 23. júní 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 7 við Neðstaber sem felst í að gera 45 m² viðbyggingu á milli húss og bílskúrs, samkvæmt tillögu/skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Seiðakvísl 31, (fsp) stækkun húss** Mál nr. SN200425
Skjalnr. 14294
Bjarni Lúðvíksson, Seiðakvísl 31, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Bjarna Lúðvíkssonar dags. 29. júní 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 31 við Seiðakvísl, samkvæmt tillögu/skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Skipholt 27, (fsp) breyting á notkun** (01.250.1) Mál nr. SN200361
Skjalnr. 6386
480797-3029 Stakfell-Stóreign ehf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Kjartan Hafsteinn Rafnsson, Alalind 4, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 8. júní 2020 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 27 við Skipholt úr hóteli í íbúðarhúsnæði. Einnig eru lagður fram uppdættir K.J. hönnunar ehf. dags. 13. september 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.
20. **Stangarholt 4, Bilgeymsla** (01.246.002) Mál nr. BN057607
Skjalnr. 14182
Einar Þór Bjarnason, Sigurhæð 5, 210 Garðabær
Íðunn Lára Ólafsdóttir, Sigurhæð 5, 210 Garðabær
Nói Steinn Einarsson, Stangarholt 4, 105 Reykjavík
Ingunn Eyþórsdóttir, Stangarholt 4, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, sem verður mhl. 02 á lóð nr. 4 við Stangarholt.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júní 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2020. Stærð: 60,0 ferm., 202,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Stórholti 17, 19 og 21 og Stangarholti 2, 6 og 8.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
21. **Vesturás 19-23, málskot** (04.385.6) Mál nr. SN200429

Guðmundur Júlíus Ólafsson, Vesturás 19, 110 Reykjavík

Lagt fram málskot Guðmundar Júlíusar Ólafssonar dags. 30. júní 2020 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 26. júní 2020 um stækkun lóðarinnar nr. 19-23 við Vesturás sem felst í að færa lóðarmörk við enda raðhúsið nr. 19, samkvæmt skissu ódags. Einnig eru lagðar fram ljósmyndir.

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

22. **Brekkustígur 9, Stækkun húss og breyting lóðar** (01.134.202) Mál nr. BN057519
Skjalnr. 6440

521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lóðamörkum milli lóða Öldugötu 44 og Brekkustígs 9, einnig er sótt um leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús og gera rishæð, tvær íbúðir verða í húsinu í stað einnar og gerður nýr inngangur frá garði með útitröppum, anddyri og svölum á húsi á lóð nr. 9 við Brekkustíg. Erindi var grenndarkynnt frá 2. júní 2020 til og með 30. júní 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Gunnar Helgi Kristinsson og María Jónsdóttir dags. 15. júní 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 19. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir f.h. 20 íbúa að Brekkustíg, Bræðraborgarstíg, Drafnarstíg og Öldugötu dags. 20. júní 2020, Vilhjálmur Guðlaugsson og Edda Guðmundsdóttir dags. 25. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir dags. 26. júní 2020, Sigrún L. Baldvinsdóttir dags. 26. júní 2020, Linus Orri dags. 27. júní 2020, Ármann Halldórsson og Bryndís Jóhannsdóttir dags. 27. júní 2020, Eyjólfur Már Sigurðsson, Elizabeth Ortega Lucio, Kolbrún Einarsdóttir, Gísli Þór Sigurþórsson og Sýlvía Hrönn Kristjánsdóttir dags. 28. júní 2020, Vésteinn Jónsson dags. 29. júní 2020, Kjartan Páll Sveinsson og Phoebe Jenkins dags. 29. júní 2020, Guðrún Erla Sigurðardóttir, Þorgeir J. Andrússon, Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir og Haukur Smári Hlynsson dags. 29. júní 2020, Ilmur Stefánsdóttir og Valur Freyr Einarsson dags. 29. júní 2020, Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 29. júní 2020, Guðný Helgadóttir, Valdimar E. Valdimarsson, Þorsteinn Geirharðsson og Þuríður Kristjánsdóttir dags. 30. júní 2020, Skólastjórnendur Drafnarsteins, Foreldrafélag Drafnarsteins og Foreldraráð Drafnarsteins dags. 30. júní 2020, Óskar Björgvinsson, Dórathea Margrétardóttir, María Björk Steinarsdóttir og Konstantín Shcherbak dags. 30. júní 2020 og Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 30. júní 2020.

Erindi fylgir Greinagerð Eflu um brunahönnun útg. 001-V03 dags. 6. apríl 2020, umsögn Minjastofnunar dags. 16. apríl 2020 og 25. febrúar 2020, skýrsla Fornleifastofunnar dags. júlí 2019 og afrit af bréfi Borgarráðs nr. R19050201 dags. 23. maí 2019. Einnig fylgir bréf hönnuðar vegna texta í umsókn dags. 20. apríl 2020. Stækkun 83,5 ferm., xx,xx. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

23. **Öldugata 44, Stækkun húss - mhl.1 og mhl.2** (01.134.201) Mál nr. BN057521
Skjalnr. 6440

521108-1180 Ö44 ehf, Pósthólf 17, 121 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta lóðamörkum milli lóða Öldugötu 44 og Brekkustígs 9 og til þess að byggja 6 íbúðir í nýbyggingum og með breytingum og viðbyggingum verði gerðar 2 íbúðir í núverandi húsum á lóð nr. 44 við Öldugötu. Erindi var grenndarkynnt frá 2. júní 2020 til og með 30. júní 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigríður Gunnarsdóttir dags. 8. júní 2020, Gunnar Helgi Kristinsson og María Jónsdóttir dags. 15. júní 2020, íbúaráð Vesturbæjar dags. 19. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir f.h. 20 íbúa að Brekkustíg, Bræðraborgarstíg, Drafnarstíg og Öldugötu dags. 20. júní 2020, 5 íbúar og eigendur að Öldugötu 42 dags. 23. júní 2020, Vilhjálmur Guðlaugsson og Edda Guðmundsdóttir dags. 25. júní 2020, Heiðrún Kristjánsdóttir dags. 26. júní 2020, Sigrún L. Baldvinsdóttir dags. 26. júní 2020, Ármann Halldórsson og Bryndís Jóhannsdóttir dags. 27. júní 2020, Eyjólfur Már Sigurðsson,

Elizabeth Ortega Lucio, Kolbrún Einarsdóttir, Gísli Þór Sigurþórsson og Sýlvía Hrönn Kristjánsdóttir dags. 28. júní 2020, Vésteinn Jónsson dags. 29. júní 2020, Kjartan Páll Sveinsson og Phoebe Jenkins dags. 29. júní 2020, Guðrún Erla Sigurðardóttir, Þorgeir J. Andrésón, Guðrún Ingibjörg Þorgeirsdóttir og Haukur Smári Hlynsson dags. 29. júní 2020, Ilmur Stefánsdóttir og Valur Freyr Einarsson dags. 29. júní 2020, Guðný Helgadóttir, Valdimar E. Valdimarsson, Þorsteinn Geirharðsson og Þuríður Kristjánsdóttir dags. 30. júní 2020, Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 29. júní 2020, Skólastjórnendur Drafnarsteins, Foreldrafélag Drafnarsteins og Foreldraráð Drafnarsteins dags. 30. júní 2020, Óskar Björgvinsson, Dórathea Margrétardóttir, María Björk Steinarsdóttir og Konstantín Shcherbak dags. 30. júní 2020 og Íbúasamtök Vesturbæjar dags. 30. júní 2020.

Stækkun: x.xx ferm., x.xx rúmm. Erindi fylgir bréf Minjastofnun dags. 25. febrúar 2020, afrit af beiðni um sölu á lóðarhluta Drafnarstígs 4 dags. 23. maí 2019, skýrsla Fornleifastofunnar um könnun á fornleifum á lóðunum Brekkustíg 9 og Öldugötu 44 dags. júlí 2019, greinargerð Eflu verkfræðistofu um val og hönnun brunavarna dags 6. apríl 2020 ásamt yfirliti breytinga dags. 20. apríl 2020. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

24. **Gefjunarbrunnur 6, Tvíbýlishús** (26.954.02) Mál nr. BN057678

Skjalnr. 14287

Þorsteinn Birgisson, Stelkshólar 8, 111 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 16. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða tvíbýlishús úr steinsteyptum einingum á lóð nr. 6 við Gefjunarbrunn. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

Stærð, A-rými: 256,2 ferm., 828 rúmm. B-rými: 69,7 ferm. Gjald kr. 11.200

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

25. **Gefjunarbrunnur 11, Tvíbýlishús** (26.952.05) Mál nr. BN057823

Skjalnr. 14291

Elvar Hallgrímsson, Vesturhús 9, 112 Reykjavík

Elvar Elvarsson, Vesturhús 9, 112 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt tvíbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 11 við Gefjunarbrunn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

Stærð, A-rými: 237,3 ferm., 767,3 rúmm. B-rými: 7,6 ferm., 11,5 rúmm. Samtals: 243,4 ferm., 778,8 rúmm. Gjald kr. 11.200

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

26. **Gerðarbrunnur 1, Einbýlishús** (50.561.08) Mál nr. BN057689

Skjalnr. 14281

Þórunn Vilmarsdóttir, Laxatunga 27, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 1 við Gerðarbrunn. Erindinu var frestað, umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

Stærð: 257,4 ferm., 971,9 rúmm. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.

27. **Grandagarður 2, (fsp) breyting á** (01.01)

Mál nr. SN200162

Skjalnr. 6936

deiliskipulagi

660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
551217-3450 SKIPAN ehf., Austurstræti 18, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. mars 2020 var lögð fram fyrirspurn Plúsarkitekta ehf. dags. 11. mars 2020 um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Grandagarð sem felst í uppbyggingu á lóð, samkvæmt tillögum Plúsarkitekta ehf. dags. 10. mars 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.

28. **Iðunnarbrunnur 7, Tvíbýlishús** (26.934.06) Mál nr. BN057656
Skjalnr. 13748
411003-3450 Sólhús ehf., Tröllaborgum 18, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja steinsteypt tvíbýlishús á tveimur hæðum á lóð nr. 7 við Iðunnarbrunn.
Stærðir: 236.0 ferm., 767.0 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 2.693.4 endurútfið 12. júlí 2007, lóðauppdráttur 2.693.4 dags. 28. febrúar 2020 og hæðablað 2.693.4 - B3 dags. september 2009 og samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar nr. 5 dags. 8. júní 2020. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Langholtsvegur 185, (fsp) stækkun húss** (01.470.4) Mál nr. SN200381
Skjalnr. 14289
Garðar Axel Torfason, Langholtsvegur 185, 104 Reykjavík
450400-3510 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Garðars Axels Torfasonar dags. 9. júní 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 185 við Langholtsveg sem felst í að gera viðbyggingu við suðausturhlíð hússins, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 8. júní 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.
30. **Lofnarbrunnur 44-46, (fsp) nr. 46 -** (05.055.6) Mál nr. SN200349
breyting á byggingarreit Skjalnr. 11873
540814-0230 Kjalaland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlökkverssonar dags. 3. júní 2020 ásamt bréfi dags. 30. maí 2020 um breytingu á byggingarreit lóðarinnar nr. 44-46 við Lofnarbrunn þannig að byggingarreitur lóðar nr. 46 verður breytt til samræmis við byggingarreit lóðar nr. 44, samkvæmt uppdr. Mansard - Teiknistofu ehf. dags. 30. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.
31. **Urðarbrunnur 16, (fsp) tvíbýlishús** (05.056.2) Mál nr. SN200426
Skjalnr. 14296
520520-1200 VG Verk og bygg ehf., Gerðarbrunni 14, 113 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn VG Verks og bygg ehf. dags. 26. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 22. júní 2020 um byggingu tvíbýlishúss á tveimur hæðum á lóð nr. 16 við Urðarbrunn.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Úlfarsbraut 70-72, Breyting v/lokaúttektar** (02.698.502) Mál nr. BN057076
BN050883 Skjalnr. 11693
Heimir Sverrisson, Úlfarsbraut 70, 113 Reykjavík
Gísli Páll Sigurðsson, Úlfarsbraut 72, 113 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. maí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN050883, vegna lokaúttektar, þar sem gerð er grein fyrir stoðveggjum við vestur- og norðurhliðar húss á lóð nr. 70-72 við Úlfarsbraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. janúar 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. janúar 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 20. janúar 2020. Samþykki eigenda að liggjandi lóða fylgir erindinu dags. 10. febrúar 2020. Bréf hönnuðar dags. 8. maí 2020 fylgir. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.

33. **Vitastígur 16, (fsp) stækkun húss** (01.190) Mál nr. SN200427
Skjalnr. 13703

550713-1280 Klittur ehf., Akraseli 18, 109 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Klitts ehf. dags. 23. júní 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 16 við Vitastíg sem felst í að gera bíslag við gafl hússins og færa stiga að hluta til í viðbygginguna, samkvæmt uppdr. þar sem fyrrhugaðar breytingar eru yfirstrikaðar, dags. 15. nóvember 2019 síðast br. 18. desember 2019.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

34. **Bárugata 14, (fsp) portbyggð rishæð** (01.136.2) Mál nr. SN200050
Skjalnr. 14209

Benedikt Skúlason, Bárugata 14, 101 Reykjavík
441109-0240 Stáss Design ehf., Fiskislóð 24, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. febrúar 2020 var lögð fram fyrirspurn Stáss Design ehf. dags. 21. janúar 2020 um að bæta við portbyggðri rishæð við húsið á lóð nr. 14 við Bárugötu, samkvæmt uppdr. Stáss Design ehf. ódags. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 1. apríl 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.

35. **Grensásvegur 22, Viðbygging - breyting 2. hæð** (18.012.15) Mál nr. BN057654
Skjalnr. 12978

670976-0419 Olav Forum ehf, Grensásvegi 22, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 2. hæð og bæta við glugga til austurs, og byggja einnar hæða viðbyggingu, gangrými, sem tengir saman hús á lóðum nr. 24 - 26 við skrifstofu- og verslunarhús á lóð nr. 22 við Grensásveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Stækkun: 16.1 ferm., 46.4 rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda húss nr. 22-26, dags. 11. maí 2020. Gjald kr. 11.200

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.

36. **Færsla Hringbrautar, Skógarhlíð, breyting á deiliskipulagi vegna smáhýsa** Mál nr. SN190658
Skjalnr. 7868

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. júní 2020 þar sem stofnunin gerir ekki athugasemd við birtingu auglýsinguna um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-

deild Stjórnartíðinda en bendir á að áður þarf í greinargerð að setja fram samantekt á mati á umhverfisáhrifum eða niðurstöðu þess sbr. gr. 5.4 í Skipulagsreglugerð.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

37. **Skólavörðustígur 31, Viðbygging** (01.182.238) Mál nr. BN055576
Skjalnr. 13479
Leifur Vilberg Orrason, Skólavörðustígur 31, 101 Reykjavík
Orri Wilberg, Skólavörðustígur 31, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. apríl 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu ásamt því að gera inndregnar svalir á eldri hluta í húsi á lóð nr. 31 við Skólavörðustíg. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Stækkun: 100,4 ferm., 280,3 rúmm. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018 við fsp. SN180306, umsögn Minjastofnunar dags. 5. júní 2018 og afrit af tölvupósti vegna fellingu trjáa dags. 14. júní 2018. Gjald kr. 11.000
Samþykkt að framlengja athugasendafrest til og með 31. júlí 2020.
Jafnframt er lagfærð bókun frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. maí. Rétt bókun er: Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Skólavörðustíg 29a, 33, og 33a og Bjarnarstíg 10, 11 og 12.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
38. **Barðavogur 19, (fsp) setja kofa á lóð** (01.443) Mál nr. SN200404
Skjalnr. 12719
Glóey Thao Thanh Ðo, Barðavogur 19, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Glóey Thao ThanÐo dags. 16. júní 2020 um setja 20-25 m² kofa/hús á lóð nr. 19 við Barðavog og innrétta þar íbúð, samkvæmt skissu ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
39. **Mávahlíð 27, (fsp) setja svalir á suðurhlíð** (01.710.1) Mál nr. SN200414
Skjalnr. 10878
hússins
Björn Þór Aðalsteinsson, Mávahlíð 27, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Bjarna Þórs Aðalsteinssonar dags. 23. júní 2020 um að setja svalir á suðurhlíð hússins á lóð nr. 27 við Mávahlíð, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2020.
EKKI gerð athugasemd við erindið, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. júlí 2020.
40. **Skútuvogur 2, Skilti** (14.200.01) Mál nr. BN057772
Skjalnr. 6722
590404-2410 RA 5 ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 26. júní 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að

setja upp stafræn ljósaskilti á norðvestur horn verslunar- og skrifstofubyggingar á lóð nr. 2 við Skútuvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020.

Um er að ræða tvö skilti , hvort um sig að stærð: 204,8 x 409.6 og 8.4 ferm. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. júlí 2020 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:10.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Helena Stefánsdóttir